

## 013/01 - Kotey GK 121

Kotey GK-121, eldur um borð við bryggju í Grindavíkurhöfn

### Kotey GK 121

**Skipaskr.nr.:** 2104

**Smíðaður:** Hveragerði 1990 Plast

**Stærð:** 6,00 brl; 6,00 bt

**Lengd:** 8,67 m **Breidd:** 2,94 m **Dýpt:** 1,19 m

**Vél:** Ford Mermaid 110,00 kW **Ágerð:** 1990

**Annað:**

**Földi skipverja:**

### Atvikalýsing

Hinn 15. febrúar 2001 er mb. Kotey lá við bryggju í Grindavíkurhöfn, varð vart við að eldur var laus í stýrihúsi bátsins. Veður: SA 8 m/sek.

Slökkvilið Grindavíkur réði niðurlögum eldsins.

### Við rannsókn kom fram

- að rafmagnssnúra lá úr landi og um borð í gegnum glugga aftan á stýrishúsi og þar yfir bólstrað sæti;
- að snúran hafði slitnað nokkru áður, en sett saman með því að snúa saman víra og einangruð með einangrunarbandi og til að koma í veg fyrir að samsetningin drægist í sundur var settur hnútur á hana, sem myndaði lykkju;
- að neistamyndun var sjáanleg í samsetningunni;
- að vegna mikils átaks, sem kapallinn varð fyrir áður en hann slitnaði á sínum tíma, gat það hafa skemmt eiginleika hans til hindrunarlausra orkuflutninga.

### Nefndarálit

Nefndin telur að hita-og neistamyndun í samsetningu rafmagnssnúru hafi valdið brunanum. Telur nefndin að frágangur rafmagnssnúrunnar hafi verið með öllu óviðunandi og ámælisvert af skipverjum sem ekki hafi þekkingu til gangi svona frá hlutum.